


BARNA- MENNINGAR- HÁTÍÐ 2022



SKÝRSLA



Reykjavík

EFNISYFIRLIT

Inngangur og undirbúningur	Bls. 3
Verkefni 4. bekkjar	Bls. 5
Dagskrá hátíðarinnar	Bls. 6
Opnunarviðburður	Bls. 7
Ævintýrahöllin	Bls. 9
Kynningarmál	Bls. 11
Tölfræði samfélagsmiðla	Bls. 12
Fjármál	Bls. 15
Samantekt	Bls. 16



INNGANGUR OG UNDIRBÚNINGUR

Barnamenningarhátíð í Reykjavík var haldin í 12. skiptið dagana 5. - 10. apríl. Hátíðin er skipulögð og framkvæmd af Menningar- og ferðamálasviði í samstarfi við Skóla- og frístundasvið. Í viðburðateymi hátíðarinnar eru þau Harpa Rut Hilmarsdóttir, Björg Jónsdóttir, Eva Halldóra Guðmundsdóttir og Guðmundur Birgir Halldórsson.

Barnamennignarhátíðin stendur í sex daga og fer fram hvort tveggja á vinnutíma barnanna og frítíma þeirra. Viðburðir fara fram víða um borgina í skólum, frístundamiðstöðum, menningarhúsum og víðar. Unnið er eftir leiðarljósum hátíðarinnar sem eru gæði, margbreytileiki, jafnræði og gott aðgengi að menningu barna, með börnum og fyrir börn. Frítt er inn á alla viðburði.

Undir eðlilegum kringumstæðum hefði undirbúningur fyrir Barnamenningarhátíð hafist af krafti í október 2021 en þar sem óvissan vegna COVID var ennþá mikil var farið hægar af stað. En mikil ánægja fylgdi því þegar ljóst var að hátíðin gæti farið fram með hefðbundnu sniði eins og fyrir faraldur. Hátíðin var sú fyrsta sem viðburðateymi MOF skipulagði án takmarkana í tvö ár.

Búið hafði verið að ákveða að áherslan yrði á Úlfararsárdal og Grafarholt árið 2022. Þegar áætlanir stóðust um að nýtt Borgarbóksafn og sundlaug yrðu opnuð í Úlfarsárdal í lok árs 2021 hófst samtal við aðstandendur hússins í lok nóvember varðandi Ævintýrahöllina. Til viðbótar hófst undirbúningur um sameiginlega sýningu leiksskóla hverfisins í samstarfi við Barnamenningarhátíð.


Samráðshópur um Barnamenningarhátíð 2022 var skipaður aðilum frá SFS, MOF og úr Reykjavíkurráði ungmenna, alls 8 manns auk verkefnatjóra hátíðarinnar.

Fyrir hönd SFS sátu í hópnum Guðrún Kaldal fulltrúi frístundar, Þóra Jóna Jónatansdóttir fulltrúi leikskóla og Inga Björg Stefánsdóttir fulltrúi grunnskóla. Meðlimir MOF eru Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir fulltrúi Borgarbókasafns, Ingibjörg Hannesdóttir fulltrúi Listasafns Reykjavíkur og Jón Páll Björnsson fulltrúi Borgarsögusafns, Heiða Björg Halldórsdóttir og Hrefna Margrét Hjaltadóttir eru fulltrúar Reykjavíkurráðs ungmenna.

Hópurinn fundaði strax eftir áramót og kom sér saman um helstu áherslur, samþykkti fjárhagsáætlun og tímalínu. Strax í kjölfarið var auglýst eftir umsóknum um fjárframlög til verkefna í janúar og hófst þá undirbúningur fyrir alvöru.

Í ár kom sú ósk frá sviðsstjóra SFS að lögð væri sérstök áhersla á gleðina í skóla- og frístundastarfi þegar Covid var að ljúka. Skipuleggjendur Barnamenningarhátíðar tóku því þá ákvörðun um að hafa gleðina í fyrirrúmi við skipulag og að lag hátíðarinnar myndi fjalla um gleðina.





Hvað má gera betur? Undirbúningur að verkefninu og upptökur á myndbandi hefði mátt fara fyrr af stað. Verkefna myndbandið þarf að vera tilbúið til útsendingar á skólana tveimur mánuðum fyrir opnunarviðburð svo skólarnir fái tíma til að sinna verkefninu. Myndbandið frá K og K var svolítið fræðslulegt, má vera meiri áhersla á skemmtilegt. Kennarar og krakkar fengu mjög stuttan tíma til að vinna verkefnið og senda okkur. Það leiddi til þess að ekki allir skólar sendu okkur svör barnanna. Það hefði getað verið skemmtilegra að taka myndbandið upp annars staðar en í stúdíói bó green screen hafi virkað vel. Gæti verið gott að vera með leikstjóra að stýra myndböndunum.

DAGSKRÁ HÁTÍÐARINNAR

Alls bárust 70 umsóknir um styrk sem eru töluvert fleiri en undanfarin ár og hlutu 60 verkefni brautargengi. Rúmlega helmingur umsóknanna kom frá aðilum úr grunn-, leik og frístundastarfi í Reykjavík, 10% frá menningarstofnunum og afgangurinn frá sjálfstæðum hópum og einstaklingum. Voru þessi verkefni uppistaðan í dagskrá hátíðarinnar til viðbótar við LÁN verkefnið og UNGA sem eru stórir þátttakendur á hátíðinni og settu mikinn svip á hana. UNGI - sviðslistahátíð fyrir unga áhorfendur var með tæplega 30 sýningar og viðburði í Norræna húsinu, Tjarnarbíói, Dansverkstæðinu, Borgarleikhúsinu og úti í grunnskólum borgarinnar. [Hér](#) má finna dagskrá UNGA 2022. LÁN - Listrænt ákall til náttúrunnar var með metnaðarfullar sýningar á verkum 2895 barna úr 14 grunn- og leikskólum. Sýningarnar fóru fram á 7 mismunandi stöðum: Borgarbókasafni Grófinni og Spönginni, Grasagarði Reykjavíkur, Listasafni Íslands - Safnahúsi, Náttúruminjasafni Íslands, Perlunni og Sjóminjasafninu í Reykjavík.

Aðrir árlegir viðburðir á Barnamenningarhátíð eru Upptakturinn, leikskólaviðburður Tónskóla Sigursveins sem að þessu sinni tók fyrir lögin hans Ladda, og dansviðburður FÍLD eru viðburðir sem eru orðnir ómissandi hluti af hátíðinni. Þetta eru miklir gæða viðburðir með þátttöku barna sem eru orðnir þekktir og skapa eftirvæntingu ár hvert. BIG BANG tónlistarhátíð fyrir unga áheyrendur fór fram í fyrsta skipti 21. og 22. apríl þetta árið. Vonir standa til að hún verði hluti af Barnamenningarhátíð næstu árin.



OPNUNARVIÐBURÐUR

Opnunarviðburðurinn var haldinn í Eldborgarsal í Hörpu 5. apríl og var fluttur tvisvar sinnum. Viðburðurinn var í beinni útsendingu í samstarfi við RÚV. Öll börn í 4. bekk borgarinnar fengu boð á viðburðinn, alls 1.800 börn. Þeim var boðið upp á dagskrá sem var sérstaklega hönnuð og samsett fyrir þau, flutt af fagfólki í margskonar listum. Allir grunnskólarnir þáðu boðið og var spennan gríðarleg eftir tveggja ára bið. [Hér](#) má sjá útsendingu RÚV af opnunarviðburðinum.

Fram komu:

- Katla Njálsdóttir kynnir
- Dagur B. Eggertsson borgarstjóri setti hátíðina
- Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari og Ástvaldur Traustason harmonikuleikari fluttu Czardas eftir Monti
- Leikararnir úr Emil í Kattholti fluttu söngsyrpu úr leikritinu
- Brynja P kenndi dans við Barnamenningarhátíðarlagið ásamt dönsurunum
- Dans Brynju P sýndi dans
- Jói P og Króli fluttu Barnamenningarhátíðarlagið og B.O.B.A.
- Hringleikur sýndi sirkusatriði



Ungir fréttamenn Barnamenningarhátíðar eru unnir í samstarfi við RÚV. Krakkarnir fá undirbúning hjá fagfólki RÚV og læra þar að taka viðtöl, byggja upp frétt, tölur, tækni og fleira. Þau flytja svo fréttir af viðburðum hátíðarinnar sem eru birtar á vef RÚV og miðlum Barnamenningarhátíðar. Venjulega er auglýst eftir unglingum í þetta og fjöldi umsókna berst. Vegna veikinda starfsmanns fór undirbúningur of seint af stað og plan b var að fá krakka úr ungmennaráði UngRÚV og félaga þeirra til að flytja fréttir. Þau stóðu sig stórvel á opnunarviðburðinum en lítið varð úr að þau flyttu fréttir af öðrum viðburðum. Það er því æskilegt að fara þá leið að auglýsa eftir þátttakendum í þessu verkefni til að fáum við krakka sem til eru að leggja sem til eru í að leggja enn meira til verkefnisins.

[Hér](#) má finna innsög og [hér](#) stuttmynd um opnunarviðburðinn.

Hvað gekk vel? Dagskráin rúllaði vel og krakkarnir virtust njóta hennar til fulls. Það er mikilvægt að krakkarnir séu búnir að fá lagið sent fyrir viðburðinn svo þau upplifi enn meira eignarhald í viðburðinum. Skipulag og samskipti Hörpu, listafólksins og teymisins fóru að mestu í gegnum eina manneskju og reyndist vel. Því má halda því verklagi á næsta ári. Kosturinn við að hafa viðburðinn tvítekinn er að minni fjöldi á hvorum viðburði auðveldar móttöku barnanna, að tæma húsið og skapar afslappaðara andrúmsloft sem gerir upplifun barnanna betri. 862 börn voru á fyrri viðburði og 846 á seinni. Fólk frá stjórn hátíðar og af skrifstofum SFS og MOF sá um gæslu og sætavísun.

Hvað má bæta? Fyrri viðburðurinn var í beinni útsendingu á RÚV en væri ráð að skoða hvort betra væri að senda út af seinni viðburðinum því þá er búið að renna honum einu sinni. Við vitum að erfitt væri að vera með generalprufu vegna tímaskorts og plássleysis í Hörpu en gott væri að athuga hvort hægt væri að renna viðburðinum einu sinni svo taktur og tempó sé jafn gott á báðum viðburðum.



ÆVINTÝRAHÖLLIN

Ævintýrahöllin var haldin dagana 9. og 10. apríl í Borgarbókasafni í Úlfarsárdal. Þar var fjölbreytt dagskrá fyrir börn og fjölskyldur þeirra frá kl. 10 – 17 báða dagana sem var sérlega vel sótt þetta árið. Óvísindaleg talning segir okkur að yfir 3000 manns hafi komið á dagskrána og í sund þessa daga en það var frítt fyrir fullorðna í fylgd með börnum í laugina yfir þessa helgi. Um 330 manns fóru frítt í sund yfir helgina. Mikil ánægja var meðal íbúa í Úlfarsárdal og Grafarholti með að Ævintýrahöllin væri haldin í þeirra heimabyggð. Ljóst er þó að fjöldi fólks úr öðrum hverfum borgarinnar lagði leið sína uppeftir. Borgarbókasafnið í Úlfarsárdal hélt sérlega vel utan um þessa dagskrá séð út frá rýmum í húsinu fyrir dagskrána, fyrir sýningar á verkum barna og sem samstarfsaðili í undirbúningi og framkvæmd Ævintýrahallar. Það var ánægjulegt að geta boðið upp á dagskrárliði í sundlauginni og það setti skemmtilegan svip á höllina. Margir borgarbúar voru að uppgötva þessa menningarmiðstöð og heilluðust mjög. Skipuleggjendur hátíðarinnar buðu leikskólunum í nágrenninu að vera með samsýningu á safninu sem stóð í tvær vikur. Ákveðið var að vinna með nærumhverfi krakkanna og var sýningin nefnd Ævintýri í hverju skrefi. Hátíðin greiddi fyrir sýningarstjóra sem var í góðu samstarfi við leikskólana og var sýningin skemmtilega sett upp í ýmsum rýmum safnsins. Einnig var Dalskóli með tvær sýningar á verkum nemenda í húsi. Hvort sem fólk fór á viðburði eða bara spókaði sig um safnið höfðu allir nóg að upplifa.



ÆVINTÝRAHÖLL

BARNAMENNINGARHÁTÍÐAR

Borgarbókasafnið í Úlfarsárdal

LAUGARDAGUR

9. APRÍL

10:15
Fjölskyldujóga
Skemmtilegt fjölskyldujóga fyrir allan aldur.

11:00
Blaðrarinn
Smiðja þar sem krakkar læra að gera blöðrudýr og það sem þeim dettur í hug úr blöðrum.

12:00
Blaðrarinn
Smiðja þar sem krakkar læra að gera blöðrudýr og það sem þeim dettur í hug úr blöðrum.

13:00
Silly, Suzy og Momo
Trúðasýning á íslensku og ensku með trúðslátum - þrátt fyrir að við tölum mismunandi tungumál getum við öll leikið saman.

14:00
Dans safari
Komdu í ferðalag og skoðaðu mismunandi dýrategundir túlkaðar með dansi.

15:00
Dans brynju P
Dansarar úr dalskóla Brynju Péturs sýna okkur street dans.

16:00
Fíðlildi, býflugur og þeir kenjóttrir kettir - tónleikar
Tónlistarævintýri sett saman og túlkað af flautukór nemenda Tónlistarskóla Kópavogs.

16:00
ABBA söngstund í sundi
Syngjum Abba lög í sundlauginni.

11:00 - 16:00
Allskonar smiðjur og pop-up
Allskonar skemmtilegt fyrir gott fólk að gera saman.

10:00 - 17:00
Frítt í sund fyrir fullorðna í fylgd með börnum
Skellið ykkur saman í laugina frítt.

10:00 - 22:00
Ævintýri í hverju skrefi
Samsýning leikskólanna Dalskóla, Geislabaugs, Maríuborgar og Reynisholts. Verkin eru byggð á fyrirbærum og stöðum sem vöktu áhuga barnanna í þeirra nærumhverfi.

10:00 - 22:00
Hér býr kærleikur
Nemendur í Dalskóla sýna hjartnaema innsetningu.

Kl. 10:00 - 22:00
Með fulla vasa af tilfinningum
Sýning B. bekkis í Dalskóla á leirvösum sem túlka geð- og taugaraskanir.

SUNNUDAGUR

10. APRÍL

10:15
Fjölskyldujóga
Skemmtilegt fjölskyldujóga fyrir allan aldur.

11:00
Tónatritil
Tónlistarstund fyrir yngslu kynslóðina með Ösp Eldjárn.

11:00
Langbesta rit- og leikhússmiðjan
Bergrún Íris höfundur Langelsta í bekknum les og býður í smiðju.

12:00
Langbesta rit- og leikhússmiðjan
Bergrún Íris höfundur Langelsta í bekknum les og býður í smiðju.

12:00
Æskusirkus - sýning og smiðja
Æskusirkusinn sýnir listir sínar fyrir gesti og gangandi.

13:00
Dansballettinn Eilífðin
Skemmtilegt sundlaugagrín þar sem leikir, dansæfingar og fíflangangur blandast saman.

14:00
Upplestur með Starínu
Dragdrottningin Starína les upp úr barnabókum og skemmtir áhorfendum.

15:00
Krakkakaróki
Krakkar geta komið og tekið lagið í æðislegu krakkakaróki.

16:00
Krakkarelf
Danspartý fyrir alla fjölskylduna.

11:00 - 16:00
Allskonar smiðjur og pop-up
Allskonar skemmtilegt fyrir gott fólk að gera saman.

10:00 - 17:00
Frítt í sund fyrir fullorðna í fylgd með börnum
Skellið ykkur saman í laugina frítt.

10:00 - 22:00
Ævintýri í hverju skrefi
Samsýning leikskólanna Dalskóla, Geislabaugs, Maríuborgar og Reynisholts. Verkin eru byggð á fyrirbærum og stöðum sem vöktu áhuga barnanna í þeirra nærumhverfi.

10:00 - 22:00
Hér býr kærleikur
Nemendur í Dalskóla sýna hjartnaema innsetningu.

10:00 - 22:00
Með fulla vasa af tilfinningum
Sýning B. bekkjar í Dalskóla á leirvösum sem túlka geð- og taugaraskanir.

Strætó nr. 18
frá Hlemmi og í
Úlfarsárdal
- 20 mín

Hvað gekk vel? Frábært samstarf við húsið. Smiðjur á vegum safnsins. Nægur fjöldi starfsfólk á vegum hátíðarinnar og safnsins. Það var gott að vera með blöndu af opnum smiðjum í ýmsum rýmum, sýningum á verkum barna um allt hús, dans og leikviðburði. Það reyndist vel að vera með matarvagna fyrir utan safnið.

Hvað má bæta? Smiðjur Blaðrarans yfir fylltust tvisvar og voru sumir sárir. Gott væri að merkja sérstaklega *skráning á staðnum, á þá viðburði sem þurfa skráningu. Það mættu vera fleiri viðburðir fyrir yngstu börnin. Styrkur rafmagns í húsi var ekki nægilega sterkur fyrir matarvagna.



KYNNINGARMÁL

Stefna samfélagsmiðlanna var skýr. Það var ákveðið að byrja að vekja athygli á miðlunum tæplega mánuði fyrir hátíðina. Byrjað var á að tilkynna dagsetningar hátíðarinnar og settum inn myndir og myndbönd úr ferlinu í pósta og á story á Facebook og Instagram. T.d. þegar Kristinn Óli og Katla Njáls voru við tökur á myndbandi fyrir 4. bekkinga borgarinnar, undirbúningi sýningastjóra á sýningum á verkum barna og margt fleira. Fólk var hvatt til að setja barnamynd af sér í profile á Facebook og Instagram til að vekja athygli á hátíðinni með textanum „Barnamenningarhátíð í Reykjavík er að ganga í garð. Fögnum gleðinni og breytumst í börn í viku! #barnamenningarhatid #barnamenning #barnamenningarhátíð.“ Í vikunni fyrir hátíðina var lag hátíðarinnar, Þriggja tíma brúðkaup, sett inn á alla miðla, Facebook, Instagram og Youtube. Í síðdegisúthvarpinu var fjallað um verkefni 4. bekkinganna og lag Barnamenningarhátíðar var frumflutt. Á meðan hátíðinni stóð voru birtar myndir af viðburðum héðan og þaðan í borginni ásamt sérstökum póstum sem vöktu athygli á dagskrá hátíðarinnar þann daginn. Það var góð blanda af myndum og auglýsingum svo fólk myndi ekki fá auglýsingapreytu. Búinn var til viðburður á Facebook fyrir Ævintýrahöllina með heildardagskrá ásamt því að margir minni viðburðir búnir til fyrir hvern einasta dagskrárlið í Ævintýrahöllinni. Greitt fyrir umfjöllun um hátíðina og viðtal sem birtist í Fréttablaðinu. Sú umfjöllun fór í grófum dráttum yfir hátíðina í heild sinni og var birt bæði í blaðinu sjálfu ásamt vefumfjöllun sem hægt var að deila á samfélagsmiðlum. Morgunúthvarpið fjallaði um hátíðina sjálfa. Hátíðin var svo auglýst í LED skýlum víðsvegar um borgina. 24 umfjallanir voru á hinum ýmsu fréttamiðlum þar sem talað var um Barnamenningarhátíð í Reykjavík. Minnst var á Ævintýrahöllina í 5 mismunandi umfjöllunum og opunarviðburðinn í Eldborg á 10 stöðum. Lagið vaktið mikla athygli á hátíðinni og hefur það náð virkilega góðri dreifingu og spilun og er í maí 2022 í öðru sæti á vinsældarlista rásar 2. Samráðshópur Barnamenningarhátíðar taldi mikilvægt að prenta bækling fyrir yngstu börnin. Þeim var dreift á skólana og leikskólana á leikskólaviðburðinum, opunarviðburðinum og keyrðir út á rest. Því fengu allir upp í 6. bekk heim með sér bækling.

Hvað gekk vel? Upplifun okkar er að hátíðin hafi vakið mikla athygli og fengið mikla dreifingu í gegnum miðlana. En það er samspil allra umfjallana, LED skýla og samfélagsmiðlanna sem unnu saman að því að vekja þessa miklu athygli á hátíðinni. Það að greiða fyrir birtingu skilar sér vel.

Hvað má bæta? Samstarfið við RÚV og umfjallanir þeirra þarf að vera betra. Hefði mátt leggja meiri áherslu á að vera bara með einn Facebook viðburð í stað þess að hafa marga litla. Hægt hefði verið að setja listafólkið og þau sem tóku þátt í Ævintýrahöllinni sem co-host á þann viðburð þannig þau sem fylgja þeim hefðu orðið vör við viðburðinn og séð þá alla dagskránni í heild sinni.

TÖLFRÆÐI SAMFÉLAGSMÍÐLA

Reach

Facebook Page reach ⓘ

80.569 ↑ 2.2 p.%



Instagram reach ⓘ

40.212 ↑ 5.9 p.%



Page and profile visits

Facebook Page visits ⓘ

2.579 ↑ 1.9 p.%



Instagram profile visits ⓘ


1.902 ↑ 2.3 p.%



New likes and follows


Facebook Page new likes ⓘ

154 ↑ 7.6 p.%



Instagram new followers ⓘ

188 ↑ 291.7%



*Tölur frá 1.janúar til 15. apríl og miðast við 18. september - 31. desember 2021

Audience


Current audience

Potential audience


Facebook Page likes ⓘ

5.889


Kyn og aldur ⓘ



Top cities




Top countries



Instagram followers ⓘ

990

Kyn og aldur ⓘ



Top cities




Top countries



*Tölur frá 1.janúar til 15. apríl.

	Ævintýrahöllin á Barnamenningarh... 15. mars 03:47	Boost unavailable	16.251
	Fjölskylduyoga fyrir allan aldur 22. mars 05:42	Boost unavailable	8.364
	Blaðrarinn með blöðrusmiðju 23. mars 03:08	Boost unavailable	7.954
	Æskusirkusinn - sirkussýning og sm... 29. mars 02:09	Boost unavailable	6.505

• Reach á greiddum póstum

	Dans-safari 9. apríl 07:12	Innlegg	Vekja ath...	3.732
	Allt um Barnamenningarhátíð í Frét... 5. apríl 10:09	Innlegg	Vekja ath...	2.454
	🌟❤️ BAKVIÐ TJÖLDIN ❤️🌟 Hér... 17. mars 05:49	Innlegg	Vekja ath...	2.285
	Við kynnum með stolti nýtt útlit hjá... 11. mars 04:17	Innlegg	Vekja ath...	2.225

• Reach á ógreiddum póstum



FJÁRMÁL

Menningar- og ferðamálasvið leggur hátíðinni til 8,5 m.kr. og leggur SFS til 1,7 m.kr. sem er eyrnamerkt flutningi 4. bekkjar barna með rútum á opunarviðburðinn í Hörpu, alls 10,2 m.kr. Leiga á Eldborgarsal Hörpu fyrir opunarviðburðinn hefur ávallt tekið til sín stórt hlutfall heildarframlagsins sem fer í hátíðina en þar sem hátíðin hafði skilað afgangi á síðasta ári var fengið leyfi til að nýta þann afgang til að greiða inná kostnaðinn vegna ársins 2022 og skapaðist þar með svigrúm í áætlunum og var styrkjaþotturinn hækkaður.

Fjárhagsáætlun hátíðarinnar stóðst og skiptist kostnaðurinn eftirfarandi, framlag til verkefna úr styrkjaþottir 4,1 m.kr., greiðslur til listafólks og annarra verktaka 4,2 m.kr. (4. bekkjar verkefni, dagskrá Hörpu og í Ævintýrahöll), akstur skólabarna 1,3 m.kr., markaðsmál 1,2 m.kr., 400 þúsund krónur í annað (grafísk hönnun, birtingar og prentun).



SAMANTEKT

Mikil ánægja er með hátíðina og þakklæti óvenju mikið. Fólk greinilega þyrst í gleði og hátíðarhöld eftir heimsfaraldur.

Sérleg ánægja með Ævintýrahöllina í Úlfarsárdal. Íbúar á svæðinu mættu vel en einnig fólk úr öðrum hverfum borgarinnar. Það sýnir sig enn og aftur hversu góð ákvörðun það er að færa Ævintýrahöllina út í hverfin.

Skipulagið í kringum opunarviðburðinn var gott og það viðburðurinn sé tvítekin leiðir til þess að ekki mynduðust flöskuhálsar og því meiri ró og virðing yfir umgjörðinni sem gerir upplifun barnanna betri.

Lagt var upp með að höfða til fjölbreyttra þjóðfélagshópa í dagskrárgerð, t.d. með viðburðum á ýmsum tungumálum, tengdum hinseginleika og á stöðum með góðu aðgengi. Í kynningarmálum var sérstök áhersla á að ná til erlendra íbúa borgarinnar.

Hátíðin skapar vettvang fyrir listafólk og viðburðarhaldara til að skapa faglegar sýningar og menningarviðburði fyrir börn og með börnum. Það gefur hátíðinni mikið væri að UNGI – sviðslistahátíð fyrir unga áhorfendur er hluti af Barnamenningarhátíð, með sinni metnaðarfullu dagskrá fyrir börn.

Samstarf við faglegar menningarstofnanir skiptir miklu. Allur gangur var á hversu virkar menningarstofnanir borgarinnar voru í þátttöku á hátíðinni. Gott væri að festa í sessi dýpri þátttöku þeirra með m.a. sýningarstýrðum sýningum barna.

LÁN - listrænt ákall til náttúrunnar, var með 7 mismunandi sýningar á verkum barna. Verkefnið tengir saman vísindi, sjálfbærni og listir og sýningarnar eru afrakstur vinnu vetrarins í samstarfi listafólks og barna í leik- og grunnskólum. Þessar sýningar settu sterkan svip á hátíðina.

Sýnileiki hátíðarinnar var mikill. Samspil keyptrar blaðaumfjöllunar, samfélagsmiðla og annarrar fjölmiðlaumfjöllunar um hátíðina almennt og um staka viðburði skilaði betri árangri en áður.

Barnamenningarhátíð er ein af lykilhátíðum borgarinnar og er mikilvægur hluti í lífi og menningu barna og fyrir sýnileika barnamenningar í borgarumhverfinu. Umsóknir í viðburðapott hátíðarinnar eru fjölmargar og það væri mikill styrkur að geta sett meira fjármagn í hann. Til að tryggja áframhaldandi metnað, nýsköpun og framþróun þarf hátíðin meira fjárhagslegt svigrúm.

Barnamenningarhátíð er mikilvæg í menningarlandslagi borgarinnar og er sterkt innlegg í menningaruppeldi barn. Það skiptir sköpum að börn og fjölskyldur geta notið óháð félagslegri stöðu því frítt er inn á alla dagskrá.



